

Ed.

396. Nefndarálit

[127. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Frumvarp þetta miðar annars vegar að því að draga úr innflutningi á niðurgreiddu kjarnfóðri og að efla notkun íslensks kjarnfóðurs og hins vegar að afla tekna í ríkissjóð.

Minni hl. getur ekki fallist á skattlagningu dýrafóðurs í tekjuöflunarskyni fyrir ríkissjóð. Breytingartillagan, sem meiri hl. ber fram, kemur í framhaldi af þeirri umdeildu ákvörðun ríkisstjórnarinnar að leggja 25% söluskatt á matvæli. Hún felur í sér tímabundnar mildandi aðgerðir vegna 25% skattlagningar á brýnustu nauðsynjar fólks þannig að verðhækkanir á afurðum svína, nauta og fugla verði um 10%.

Minni hl. hefur frá upphafi lýst sig andvígán matarskattinum og getur því ekki fallist á þá hugmynd, sem fram kemur í breytingartillögunni, að greiða að hluta til ofantaldar afurðir niður í aðeins eitt ár.

Alþingi, 21. des. 1987.

Danfríður Skarphéðinsdóttir,
fundaskr., frsm.

Skúli Alexandersson.